

Kæru nemendur, foreldrar, starfsfólk og aðrir gestir!

Til hamingju með þennan fallega dag!

Veðrið leikur við hvurn sinn fingur og það veit ég að krakkarnir gera líka, það er svo dásamlegt að komast í sumarfrí!

Og það er ástæða til þess að gleðjast. Að baki er viðburðaríkur vetur þar sem hvert og eitt okkar sem störfum í skólanum, börn sem fullorðin þurftum að fást við ólík verkefni, sum skemmtileg, önnur minna skemmtileg en öll gera þau okkur að því sem við erum og mótum okkur sem einstaklinga. Það er nefnilega svo að eftir því sem rennur úr stundaglasí lífsins, því betur sjáum við í gegnum það. Hvert sandkorn sem hverfur er minning og reynsla sem við búum að.

Og minningarnar frá liðnum vetri eru margar; við fengum hóp af góðu fólki í heimsókn; heimókn kórs Menntaskólans í Hamrahlíð var einstök og minnistæð öllum þeim sem sáu og heyrðu. Jól var með frábært leiklistarnámskeið, Katrín Arna og Pálmi voru með okkur í nokkrar góðar vikur, krakkarnir sáu í fjölmiðlum og gerðu okkur öll svo stolt! Eldbarnið var sýnt við mikinn fögnuð, Tónlist fyrir alla leit við, við tókum þátt í Nótunni, Skólahreysti og svona mætti lengi telja.

Árshátíðin stendur uppúr í mínum huga þar sem krakkarnir settu upp heilt leikverk, allir árgangar og starfsfólk unnu þar saman og gerðu í meira lagi vel. Frábær ferðalög nú í vor heppnuðust stórvel og lögðu kennarar á sig ómælda vinnu við undirbúning og skipulag með ómetanlegri aðstöð krakkanna sjálfra og foreldra – bæði fyrir ferðir hér innanlands sem utan. Ég veit að fólk kann að meta þá óeigingjörnu vinnu sem kennarar lögðu á sig sem var miklu meiri en hægt er að ætlast til.. Einstakur samhugur var í aðdraganda þessara ferða og viðburða – sem undursamlegt var að fylgjast með.

Í námi og kennslu standa upp úr þróunarverkefni sem við sinnum hér í skólanum í læsi, námsmati og námskrángerð, en Grunnskólinn á Þórshöfn er með afar framsækið námsmat og á auðvelt með að laga

Það að áherslum Aðalnámskrár sem allir skólar á landsvísu er nú að gera og eiga fullt í fangi með.

Við öll getum verið stolt af kennurum okkar hér og öllu starfsfólki því mikill einhugur er um að vinna að skólaþróun og huga að því sem börnunum er fyrir bestu með þróun einstaklings miðaðs náms þar sem hver einn fær notið sín og sinna styrkleika. Þessi vilji, á eftir að fleyta Grunnskólanum á Þórshöfn yfir margar hindranir og því mikilvægt að viðhalda honum. Því vissulega eigum við í basli með sumt.

Nú er komið að þeirri stundu að ekki verður beðið lengur með viðhald á skólahúsnæðinu og er algjör einhugur á meðal íbúa hér að gera það af myndarskap og kunnáttu. Vissulega eru það ótíðindi að ástandið á skólahúsnæðinu sé ekki betra, en í þeim felast líka tækifæri til þess að laga skólann að skólatefnu Langanesbyggðar og Svalbarðshrepps þar sem markmiðið er að gera húsnæði skólans sambærilegt að gæðum við annars staðar þar sem best er.

Nú er um að gera að standa saman og hjálpast að við þetta verkefni, komast yfir hjallana og standa sterkari, betri og samstillt að verki loknu. Það verður stór dagur.

Óðum er að færast mynd á skipulag næsta vetrar en erfiðlega hefur gengið að finna kennara, en með hverjum deginum færumst við nær því markmiði okkar og vonandi fáíð þið fréttir af skipulagi næsta vetrar eftir 1 – 2 vikur.

Dagurinn í dag er góður dagur. Dagur til að gleðjast en í mínum huga er hann líka ljúfsár – ég er angurvær. Ég er að kveðja.

Fjögur ár er ekki langur tími í sögu skóla sem spannar 83 ár, þau eru ekki einu sinni stór hluti af ævi minni – en þau eru mér dýrmæt. Einstök – minnistæð, full af lærdómi sem ég mun búa að, hvar sem ég verð og hvað sem ég geri í framtíðinni.

Ég veit að skólasamfélagið er tilbúið til að halda áfram þróunarstarfinu, auka samstarf á milli Grunnskólans á Þórshafnar og annarra skóla, annarra landa – auka veg skólans okkar og gera nemendur okkar að góðum, sterkum og víðsýnum einstaklingum.

Ekkert verkefni er mikilvægara en það.

Ég óska ykkur öllum velfarnaðar og þakka innilega fyrir árin fjögur með ykkur.